

## Skýrsla stjórnar SFA 2013-2014

Stjórn Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna skipuðu frá vorinu 2011 Sunna Njáladóttir Bókasafni Grundarfjarðar, formaður, Ragnheiður Óladóttir Amstbókasafninu Stykkishólmi ritari, Halldóra Jónsdóttir Bókasafni Akraness gjaldkeri og Sævar Ingi Jónsson Héraðsbókasafni Borgarfjarðar, meðstjórnandi. Edda Björg Kristmundsdóttir, Ísafirði tók við af Sævari vorið 2013.

Stjórnin fundaði með símafundum fyrir vorfundinn 2014 en notaði að mestu tölvupóst í samskiptum.



Dagana 11. til 14. apríl var vorfundur Félags forstöðumanna á almenningsbókasöfnum árið 2013 haldinn í Amsterdam. Skoðuð voru þrjú almenningsbókasöfn, eitt menningarhús og svo Háskólabókasafnið í Amsterdam.

De Tweede Verdieping, Nieuwegein  
Cultura cultuurcentrum, Ede  
De nieuwe bibliotheek, Almere Stad  
Bataviawerf museum, Lelystad  
Openbare Bibliotheek Amsterdam (OBA), Amsterdam  
Universiteit van Amsterdam, Amsterdam

Undirbúning ferðarinnar sáu Hólmkell Hreinsson, Pálína Magnúsdóttir og Barbara Guðnadóttir í Þorlákshöfn um. Semja þurfti um flugfarið, gestgjafa, hótél, rútur og matsölustaði. Eftir heimkomuna tók við frágangur á gögnum til að senda með umsóknum félaga í hina ýmsu sjóði. Við í stjórninni erum þeim mjög þakklát fyrir vel unnið verk.



Á árinu hittust forstöðumenn á málþingi sem haldið var 27. september í Bókasafninu í Mosfellsbæ og haustfundi í Hlégarði sama dag.

Tilfni fundarins var almennar áhyggjur af þróun á starfsemi almenningsbókasafna. Afstaða og ákvarðanir sveitarstjórnarmanna sýna oft vanþekkingu á mikilli aðsókn að almenningsbókasöfnum sem sjá má í ársskýrslum þeirra. Mikilvægi sterkra almenningsbókasafna má sjá í ýmsum rannsóknum sem sýna samband menningarlífs og íbúasetu.

Samantekt Halldóru Jónsdóttur á undirbúningi málþingsins 27. sept. 2013.

Stjórn Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA) undirbjó málþing um tengsl almenningsbókasafna og sveitarstjórnarstigsins haustið 2013. Ýmsar breytingar hafa átt sér stað í skipulagi málefna almenningsbókasafna innan nokkurra sveitarfélaga og von á fleiri. Heppilegt er fyrir alla að það gerist með þekkingu og víðsýni sem best fæst með fræðslu og

samræðu. Á fundi SFA með fulltrúum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga í febrúar 2013 kom fram að almenningsbókasöfn vanti sameiginlegan bakhjarl í samskiptum við sveitarstjórnarstigið.

SFA tilnefndi Halldóru Jónsdóttur Bókasafni Akraness og Mörtu Hildi Richter Bókasafni Mosfellsbæjar undirbúningsnefnd vegna málþings sem áætlað var á haustfundi samtakanna í september 2013. Leitað var til Upplýsingar um að vera félaginu innan handar að móta og standa að því. Hugmyndin var að fá fólk úr sveitastjórnnum, menntamálaráðuneyti og fleiri til að taka þátt í málþinginu.

Ákveðið var að nota form málstofunnar. Fundarstaður ákveðinn í Bókasafni Mosfellsbæjar, 27. sept 2013.

Undirbúningsnefndin hittist tvisvar á formlegum fundi, fyrst 7. maí en höfðu samskipti aðallega í vefpósti.

Að undirbúning málþingsins komu einnig:

1. Frá Menntamálaráðuneytinu: Eiríkur Þorláksson, sérfræðingur, Skrifstofa menningarmála / Mennta- og menningarmálaráðuneytið /
2. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs Samband íslenskra sveitarfélaga
3. Frá Upplýsingu: Hrafnhildur Hreinsdóttir og Margrét Sigurgeirsdóttir.

Síðar kom Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins í stað Magnúsar Karels við þátttöku á stjórn málþingsins.

Hlutverk nefndarinnar var að fá fyrirlesara á Málþingið og skipa í pallborðið.

Að öðru leyti vísa ég í fundargerð Málþingsins.

Ráðherra var boðið að ávarpa þingið sem hann gat ekki vegna anna. Bað hann fyrir góðar kveðjur til þátttakenda.

Vakin var athygli á málstofunni í tölvupósti til Ágústu Pálsdóttur hjá Háskóla Íslands, Eyju Margrétar Brynjarsdóttur, sviðsstjóra félagsvísindasviðs á Bifröst, Landskerfis bókasafna, fréttamanns hjá RÚV og Magnúsar Karels sem er starfsmaður tímaritsins Sveitarstjórnarmál. Grein um málþingið mun birtast í tímaritinu Bókasafnið 2014.

\*

Guðrún Rúnarsdóttir forstöðumaður Bókasafns Reyðarfjarðar setti af stað val og pöntun á taupokum og var slagorðið „Heilsulind hugans“ prentað á vasa pokanna. Þeir geta nýst sem auglýsinga- og kynningarefni. Sótt var um styrk, 50 þúsund krónur til stjórnar SFA sem ákvað að styrkja verkefnið en þess þurfti ekki þegar til kom. Við þökkum Guðrúnu, Margréti Gísladóttur í Grindavík og öðrum sem lögðu verkefninu lið.

\*

Í lok maí 2013 bárust þau tíðindi að breytingar standi yfir á náminu í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands og af þeim sökum verði ekki tekið á móti umsóknum í grunnám frá og með haustmisseri 2013. Þótti ákvörðunin lítt eða ekki kynnt og lagðist illa í stéttina.

\*

Heilmikið var rætt um samsteypusöfn og yfirstjórnir almenningabókasafna á póstlistanum í júní og júlí af öllum tímum enda rigningarsumar víða um land.

\*

Bokasafn.is var opnaður með pomp og prakt 8. september á Bókasafnadaginn. Hægt er að skrá allar gerðir bókasafna á Bokasafn.is og leggja til efni, tengla eða annað nytsamlegt sem gagnast myndi notendum bókasafna.

Fulltrúi okkar í nefnd Upplýsingar um Bókasafnadaginn er Málfríður Finnbogadóttir sem vinnur á Bókasafninu í Mosfellsbæ og Nanna Lind á Amtsbókasafninu á Akureyri er á hliðarlínunni fyrir okkur.

\*

Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningarsviðsins á Seltjarnarnesi að tók vel í að koma á vörfundinn og miðla til hópsins hvernig starfi hennar og stjórnun bókasafnsins er háttað og hvernig hið nýja stjórnunarfyrirkomulag fer vel með annarri menningarstarfsemi í bæjarfélaginu. Hún taldi einnig áhugavert að skoða upplifun starfsmanna Bókasafns Seltjarnarness á breytingunum. Því miður þurfti hún að sinna erindum og það að heilsa og er til í að leggja sitt af mörkum í framtíðinni.

\*

Heimasíðan fina.is er enn óvirk en hangir inni. Eftir áramótin gerði ég tilraun til að afrita efni hennar og setja inn nýrra efni og myndir á nýja síðu í tilraunaaðgangi. Nú hefur hann verið framlengdur í eitt ár. Það gefur nýrri stjórn tíma til að ganga frá framtíðarvefmálum samtakanna. Slóðin er <http://finasfa.simplesite.com/>.

\*

Nýir félagar í Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna frá vörfundum 2013 eru:

Stefanía Gunnarsdóttir tók við af Huldu Björk Þorkelsdóttur í Reykjanesbæ.

Sigríður Halldóru Gunnarsdóttur tók við af Rósu Bjarnadóttur. Hrönn Hafþórsdóttir tók síðan við af Sigríði sem forstöðumaður Bókasafns og héraðsskjalavörður Fjallabyggðar.

Linda Dröfn Gunnarsdóttir tók við af Sólveigu Sigurðardóttur á Bolungavík.

Jóhanna A. Kjartansdóttir í Garðinum tók við af Kolbrúnu Þórlindsdóttur sem hefur fært sig í skólabókasafnið.

Meðstjórnendur og félagar í SFA. Kærar þakkir fyrir gott samstarf þessi þrjú ár. Þetta er góð reynsla og við erum betri eftir en áður.

Grundarfirði 15. maí 2014.

Fyrir hönd stjórnar,

Sunna Njálisdóttir.